

Samþykki til öflunar gagna frá lögreglu

Upplýsingar um tjónsatvik

Dagsetning tjóns _____

Tjónsstaður _____

Skráningarnúmer ökutækis (ef við á) _____

Ég undirrituð/-aður,

_____ kt. _____ (umboðsgjafi),

veiti hér með Vátryggingafélagi Íslands hf. kt. 690689-2009 heimild til að afla upplýsinga frá lögreglu í tengslum við framangreint tjónsatvik. Ég veiti félaginu heimild til að fá afhendar lögregluskýrslur og önnur gögn sem lögregla gerir vegna málsins svo sem framburðar- og vitnaskýrslur, dagbókafærslur, vettvangsuppdrætti, myndir, niðurstöður blóðsýnarannsóknna, tjónstilkynningar o.fl.

Ég samþykki að umboðshafa er heimil vinnsla og varðveiting gagnanna, sem og miðlun þeirra til annarra tryggingafélaga ef þörf krefur varðandi afgreiðslu tjónamálsins.

Mér er kunnugt um að tilgangurinn með öflun gagna frá lögreglu er sá að félagið þarf að geta metið ábyrgð sína samkvæmt vátryggingasamningi og mér er jafnframt kunnugt um þá upplýsingaskyldu sem hvílir á þeim sem hyggst hafa uppi kröfu gegn félaginu skv. lögum um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

Mér er kunnugt að umboðshafi mun nota upplýsingarnar við tjónavinnslu á máli/málum sem mér tengjast og að umboðshafi muni meðhöndla upplýsingarnar í samræmi við gildandi lög um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Heimildir til ofangreindrar vinnslu persónuupplýsinga geta grundvallast á 1.-2. tl. 9. gr. laganna og heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga fer fram á grundvelli 1.tl. 11.gr. laganna.

Ég geri mér grein fyrir að mér er heimilt að afturkalla samþykki þetta til upplýsingaöflunar félagsins á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun:

_____ kt. _____

_____ kt. _____